

Nd.

299. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 45 1927, um verkamannabústaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um málið. Meiri hlutinn (EA, JÓL og LH) leggur á móti því, að málið verði afgreitt nú á þessu þingi, en minni hlutinn (BJ og SvBH) leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Minni hl. fellst á það, að þörf sé á að auka fé byggingarsjóða verkamannabústaðanna, en þykir hinsvegar of langt gengið í frv. eins og nú standa sakir. Leggur hann því til, að árlegt gjald rikissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóða sé ákveðið 2 kr. fyrir hvern íbúa, eins og upphaflega var ætlað til á Alþingi 1929. Gjaldið greiðist þannig í fyrsta skipti 1932. Þykir það réttara, með því að svo langt er liðið á yfirstandandi ár. Aftur á móti telur minni hl. eigi rétt að leggja fast lóðagjald til sjóðanna, að minnsta kosti eigi enn sem komið er. Ársteknahámark þykir minni hl. óþarfi að hækka að svo komnu. Þó vill hann ekki neita því, að rétt sé að taka tillit til ómagafjölda, og leggur því til að bæta við 300 kr. fyrir hvern ómaga og setja teknahámark ómagamanna 5500 kr. Aðrar breytingar frv. á lögum um verkamannabústaði getur minni hl. fallið á, nema ákvæðið um undanþágu frá fasteignaskatti.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „þriggja króna“ í tölul. 1 komi: tveggja króna.
 - b. Í stað „1931“ í sama tölul. komi: 1932.
 - c. Í stað „þriggja króna“ í tölul. 2 komi: tveggja króna.
 - d. Í stað „1931“ í sama tölul. komi: 1932.
 - e. 3. tölul. falli niður, og 4. tölul. verði 3. tölul.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin „Á eftir 2. málsgr. 3. gr. . . . svo hljóðandi“ í upphafi gr. komi: 2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað „500 krónum“ í tölul. 3 komi: 300 krónum.
 - b. Í stað „6500 króna“ í sama tölul. komi: 5500 króna.
4. Við 4. gr. Síðasta málsgr. (ný 7. gr. í lögum) falli niður.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

Bergur Jónsson,
form., frsm.

Sveinbjörn Högnason,
fundaskr.